

Alþingi
b.t. Velferðarnefndar Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971

Reykjavík, 23. nóvember 2018

I. Inngangur

Samkvæmt fyrirleggjandi frumvarpi til breytinga á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1071, er lagt til að vinnutími hér á landi verði stytur. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að í hverri viku skuli ekki vera fleiri en 35 dagvinnutímar sem vinna ber á dagvinnutímabili á virkum dögum og að jafnaði skuli unnar 7 klukkustundir í dagvinnu á degi hverjum frá mánudegi til föstudags.

II. Fyrri umsögn FKA við frumvarpið

Félag kvenna í atvinnulífínu (FKA) skilaði þann 20. mars sl. umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, (stytting vinnutíma). Í umsögn FKA kom fram að félagið styddi frumvarpið með vísan til þeirra röksemda sem komu fram í greinargerð frumvarpsins. FKA tiltók í umsögn sinni að félagið teldi þó brýnt að aðilum vinnumarkaðarins yrði tryggður lengri aðlögunartími þannig að meiri líkur yrðu á að styttri vinnutími yrði að veruleika hér á landi. Þá lagði FKA áherslu á í umsögn sinni að samhliða breytingum um styttingu vinnutímans, væri nauðsynlegt að endurskilgreina vinnutíma dagvinnu og yfirvinnu á þann hátt að vinnuframlag verði ekki eingöngu bundið við á hvaða tímum dags eða á hvaða dögum vinnuframlag er innt af hendi. FKA lagði áherslu á það í umsögn sinni að vinnutíminn yrði ekki stytur nema að undangenginni endurskilgreiningu að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins. Jafnframt taldi FKA nauðsynlegt að atvinnurekendum og launþegum yrði gefinn kostur á að semja sín á milli um styttri vinnutíma í kjarasamningsviðræðum eins og venjubundið væri. Þá væri mikilvægt að varpa ljósi á hvaða ástæður búa að baki aukinni framleiðni í þeim OECD ríkjum þar sem vinnutími væri styttri en hér á landi.

III. Ný umsögn FKA

Í greinargerð með frumvarpinu kemur meðal annars fram að framleiðni á Íslandi sé undir meðaltali landa OECD, þrátt fyrir langan vinnudag og mun verra vinnu- og einkalífshlutfall en meðal þjóða sem hafa meiri framleiðni en Íslendingar, og þrátt fyrir að Ísland sé ríkt af auðlindum. Þá kemur fram að ekki sé hægt að útskýra meiri framleiðni né hærri laun með löngum vinnudegi. Þvert á móti bendir margt til þess að styttri vinnudagur leiði til meiri framleiðni og aukinna lífsgæða.

Samkvæmt nýlegu mati Hagstofunnar á útreikningum vinnustunda kemur fram að fjöldi vinnustunda á Íslandi sé 16-22% lægri en áður var talið auk þess sem framleiðni starfsmanna er meiri. Samkvæmt því skipar Ísland sér á milli Hollands og Frakklands hvað lengd vinnutíma varðar. Tölur OECD um fjölda vinnustunda og framleiðni hér á landi taka ekki mið af hinum nýju útreikningum Hagstofunnar sem leiðir til þess að þær tölur sem frumvarpið byggir á virðast ekki eiga við rök að styðjast.

Með vísan til framangreinds er því fyrir hendi misræmi á þeim tölum sem byggt er á í frumvarpinu og þeim tölum sem Hagstofan hefur birt. Af þeim sökum telur FKA brýnt að fyrirleggjandi séu óbyggjandi tölulegar staðreyndir um lengd vinnutíma á íslenskum vinnumarkaði áður en frumvarp til laga um styttingu vinnuvikunar verði samþykkt. Þrátt fyrir að FKA styðji tillögur frumvarpsins um að vinnutími

hér á landi verði styttnr þá telur FKA að forsenda þess að gerðar verði slíkar breytingar á lögnum er að fyrir liggja áreiðanlegar tölulegar upplýsingar um raunverulegan vinnutíma á íslenskum vinnumarkaði. Þar sem fram hefur komið að vinnutími hér á landi er í raun styttri en talið hefur verið, er það mat FKA að fram þurfi að fara ítarlegri rannsókn á íslenskum vinnumarkaði áður en frumvarpið verður að lögum. FKA leggur því til að frumvarpið verði að svo stöddu afturkallað úr þinglegri meðferð.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar FKA

Rakel Sveinsdóttir, formaður stjórnar